

Sp.

91. Fyrirspurnir.

[75. mál]

I. Til iðnaðarmálaráðherra um kísilgúrverksmiðju.

Frá Birni Jónssyni.

1. Hafa verið teknir upp samningar við aðra erlenda aðila um þátttöku í kísilgúrvinnslu og sölu en ráð var fyrir gert í rökstuðningi fyrir lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og ef svo er, hve langt eru þeir samningar á veg komnir og hver eru meginatriði þeirra?
2. Er fyrirhugað að leggja samninga, ef gerðir verða við aðra aðila og á öðrum grundvelli en ráð var fyrir gert í grg. ríkisstjórnarinnar með frv. til l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, fyrir Alþingi?
3. Hvað líður athugunum á þeim hættum og vörnum gegn þeim, sem leiða kann af byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn fyrir dýralíf í Mývatni og við Mývatn?
4. Hvaða samráð hefur verið haft, eða er fyrirhugað, við Mývetninga og þ. á m. við landeigendur og eigendur veiðiréttar í Mývatni um starfrækslu fyrirhugaðrar kísilgúrverksmiðju?

II. Til ríkisstjórnarinnar um lýsisherzluverksmiðju.

Frá Skúla Guðmundssyni, Einari Ingimundarsyni, Óskari E. Levy,  
Ólafi Jóhannessyni, Jóni Þorsteinssyni og Birni Pálssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til framkvæmda á ályktun Alþingis frá 5. maí 1965 um lýsisherzluverksmiðju?